

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um ráðstafanir í sjávarútvegi og um ráðstöfun gengishagnaðar.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Sjávarútvegsráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að gera nú þegar ýmsar ráðstafanir í sjávarútvegi til þess að gengisbreyting sú, er ákveðin var 29. ágúst s. l., dugi til að tryggja viðunandi rekstrarafkomu sjávarútvegsins og til þess að greiða fyrir ákvörðun nýs fiskverðs frá 1. september s. l. að telja.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

#### 1. gr.

Verðlagsráð sjávarútvegsins skal eins fljótt og við verður komið ákveða nýtt lágmarksverð á öllum tegundum sjávaraflla, samkvæmt lögum nr. 81 23. júlí 1974 um Verðlagsráð sjávarútvegsins. Hið nýja verð skal taka gildi frá og með 1. september 1974 og gilda ekki skemur en til 31. desember 1974. Við ákvörðun hins nýja verðs skal þess gætt, að hækkun almenns fiskverðs verði að meðaltali ekki meiri en 11% frá því verði, sem í gildi hefur verið, sbr. tilkynningu Verðlagsráðs sjávarútvegsins nr. 10/1974.

#### 2. gr.

1. og 2. málslíður 2. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða gjald til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa, er nemi 15% fiskverðs eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins.

#### 3. gr.

1. málslíður 4. gr. laga nr. 79/1968 orðist svo: Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal það greiða 21% af heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) aflans til Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

#### 4. gr.

Oliusjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á brennsluolíu til íslenskra fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

Tekjur sjóðsins skulu vera af sérstöku útflutningsgjaldi, sem hér segir:

- 4.0% af f.o.b.-verði útfluttra sjávarafurða, annarra en saltfisks, skreiðar og þeirra afurða, sem koma frá hvalveiðum, selveiðum og hrognkelsaveiðum.
- 5.5% útflutningsgjald af f.o.b.-verði útflutnings saltfisks og skreiðar.

Útflutningsgjaldið reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru, og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

## 5. gr.

1. til 3. tl. 2. gr. laga nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum, orðist svo:

1. Kr. 2 400.00 á hvert útflutt tonn greiðist af frystum karfa- og ufsaflökum og þurrkuðum saltufsa.
2. Kr. 4 200.00 á hvert útflutt tonn greiðist af saltfiski — öðrum en þurrkuðum ufsa —, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, saltfiskbitum og söltuðum gellum.
3. Kr. 4 750.00 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökum — öðrum en karfa- og ufsaflökum — frystum hrognum, söltuðum hrognum ót. a., frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum og niðursoðnum og niðurlögðum sjávarafurðum. — Nemi gjald samkvæmt töluliðum 1—3 meiru en svarar  $4\frac{1}{2}$  af f.o.b.-verðmæti útfluttrar sjávarvöru, er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins, sem er umfram þetta mark.

## 6. gr.

Töluliðir 1—7 í 3. gr. laga nr. 19/1973 um útflutningsgjald af sjávarafurðum orðist svo:

1. Til greiðslu á váttryggingariðgjöldum fiskiskipa, samkvæmt reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur .....	87.8%
2. Til Fiskveiðasjóðs Íslands .....	7.5%
3. Til Fiskimálasjóðs .....	2.0%
4. Til smíði haf- og fiskirannsóknaskips .....	1.2%
5. Til byggingar í þágu rannsóknastofnana sjávarútvegsins .....	0.5%
6. Til Landssambands isl. útvegsmanna .....	0.5%
7. Til samtaka sjómanna skv. reglum, sem sjávarútvegsráðuneytið setur ....	0.5%

## 7. gr.

1. mgr. 5. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo: Tekjur Verðjöfnunarsjóðs skulu vera allt að þremur fjórðu hlutum af verðhækkun, sbr. 7. gr., sem verður á þeim afurðum fiskiðnaðarins til útflutnings, sem lög þessi ná til. Renna þessar tekjur til viðkomandi deilda sjóðsins.

## 8. gr.

2. málslíður 6. gr. laga nr. 72/1969 um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins orðist svo:

Verðbætur skulu þó aldrei nema meiru en þremur fjórðu hlutum verðlækkunarinnar og ekki umfram það fé, sem viðkomandi deild ræður yfir, þegar til greiðslu verðbóta kemur.

## 9. gr.

Fé það, sem kemur á reikning ríkissjóðs, skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 78/1974 um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, umfram greiðslur skv. liðum a., b. og c. í þeirri lagagrein, skal lagt í sérstakan gengishagnaðarsjóð, sem varið skal í þágu sjávarútvegsins með eftirgreindum hætti:

- a) Til þess að auðvelda eigendum skuttogara að standa í skilum með greiðslur afborgana og vaxta af stofnlánnum og til þess að tryggja rekstrargrundvöll skuttogara.
- b) Til þess að greiða hluta gengistaps vegna erlendra skulda eigenda fiskiskipa.
- c) Til þess að greiða fram úr greiðsluvandræðum fiskvinnslufyrirtækja, sem átt hafa í söluerfiðleikum á árinu 1974.
- d) Til annarra þarfa innan sjávarútvegsins.

Heimilt er bæði að veita lán og óafturkræf framlög af fjármagni sjóðsins til ofangreindra þarfa.

Óafturkræf framlög skulu nánar ákveðin með lögum.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar greinar.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði 1.—8. gr. taka til sjávarafurða framleiddra frá og með 1. september 1974.

#### Ákvæði til bráðabirgða.

Stjórn Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins er heimilt að inna af hendi greiðslur upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna óselds loðnumjöls af framleiðslu ársins 1974 samkvæmt reglum, sem sjóðsstjórnin setur að fengnu samþykki ráðherra.

*Gjört að Bessastöðum, 20. september 1974.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Matthías Bjarnason.*